

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs, haldinn miðvikudaginn 2. maí 2018 í Norðurljósasal Hörpu, Austurbakka 2, Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 17:00.

Mætt voru til fundarins fulltrúar úr stjórn Birtu, framkvæmdastjóri, 15 skipaðir fulltrúar atvinnurekenda, 49 kjörnir fulltrúar úr hópi launamanna auk annarra sjóðfélaga.

Jón Bjarni Gunnarsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Jón gerði tillögu um Finnbjörn A. Hermannsson sem fundarstjóra sem var samþykkt. Finnbjörn tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Írisi Önnu Skúladóttur sem fundarritara og var hún samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur með rafrænu fundarboði til aðildarféлага og aðildarfyrirtækja, dagsettu 27. mars 2018. Var hann að auki auglýstur í Fréttablaðinu 29. mars og í Morgunblaðinu 31. mars. Þá var hann auglýstur á Ríkisútvarpinu 8. apríl, 22. apríl, 23. apríl og á fundardag, 2. maí. Loks voru fulltrúar minntir á fundinn með rafrænu fundarboði og símhringingum eftir því sem við átti. Lýsti hann því fundinn lögmætan og var gengið til dagskrár.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning og afgangur ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Starfskjarastefna sjóðsins
6. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins
7. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1
8. Kjör endurskoðanda
9. Kjör nefndar um laun stjórnarmanna
10. Tillögur um breytingar á samþykktum
11. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Jón Bjarni Gunnarsson, stjórnarformaður Birtu, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

Hann þakkaði stjórnendum og starfsfólki sjóðsins fyrir þeirra þátt í því hversu vel sameiningin tókst til. Birta er nú fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins, eftir honum er tekið og á hann er hlustað. Fór hann yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins sem er neikvæð um 3,4% en ekki eru áform í stjórn um að bregðast við þessari stöðu með réttindalækkun heldur er það von stjórnar að með áframhaldandi góðri ávöxtun náist jafnvægi á sjóðinn.

Stefna Birtu er að beita sér fyrir því að í félögum og fyrirtækjum sem fjárfest er í séu skynsamlegar launastefnur. Ef til vill sé afstætt hvað séu hófleg laun en stjórn sjóðsins sé sammála um að 5-6 milljónir á mánuði séu óhófleg laun. Birta kemur þeirri skoðun áleiðis eftir fremsta megni á aðalfundum félaga sem fjárfest er í. Birta eigi að hafa ríkari afskipti af stjórnskipan félaga sem fjárfest er í ef kostur er, án þess þó að brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga þar að lútandi.

Lífeyrissjóðir eiga fyrst og fremst í skráðum félögum og hafa aðstoðað við uppbyggingu efnahagslífsins eftir bankahrunið. Rekstrarumhverfi lífeyrissjóða batnaði á árinu 2017 vegna aukinna heimilda til erlendar fjárfestingar. Stjórn Birtu stefnir á að auka erlendar fjárfestingar og samkvæmt gildandi fjárfestingarstefni eigi þær að vera 31,5% eigna Birtu með það að markmiði að dreifa áhættu sjóðsins.

Á ársfundi 2017 voru bornar upp tvær tillögur sem vísað var til stjórnar til umfjöllunar. Þær fjölluðu annars vegar um að stjórn Birtu væri óheimilt að fjárfesta beint eða óbeint í sjúkrastofnunum sem reknar eru í hagnaðarskyni og hins vegar að stjórn Birtu væru einungis heimilt að fjárfesta í húsaleigufélögum sem rekin eru með lágmarksávöxtun t.d. 3,5%. Stjórn fjallaði um tillögurnar á stjórnarfundi 14. desember 2017. Var það mat stjórnar sjóðsins að hvorug tillagan samræmdist hlutverki sjóðsins. Áhættumat sjóðsins verði að endurspeglast í ávöxtunarkröfu fjárfestingarkosta. Leggja verði mat á fjárfestingakosti með hliðsjón af innri reglum sjóðsins og viðmiðum sjóðsins um samfélagslega ábyrgð sem meðal annars endurspeglast í eignendastefnu sjóðsins.

Að lokum sagði hann mikil verðmæti fólgin í starfsfólki Birtu sem geri sjóðinn að þeim öflugna sjóði sem hann er í reynd. Þakkaði hann sérstaklega þeim starfsmönnum sem látið hafa af störfum vegna aldurs og skipulagsbreytinga.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Ólafur Sigurðsson kynnti ársreikning Birtu. Í aðdraganda undirskriftar endurskoðanda á ársreikning Birtu fór fram mikið starf bæði innri og ytri endurskoðanda svo og endurskoðunarnefndar sem fór ítarlega yfir störf endurskoðanda. Við svo búið var ársreikningurinn ítarlega yfirfarinn af stjórn. Hann var undirritaður af endurskoðanda án athugasemda og því talinn gefa glögga mynd af starfsemi sjóðsins.

Fór hann yfir helstu stærðir og benti á að iðgjöld til sjóðsins vaxa um tæp 15% á milli ára sem skýrist af hækkun mótframlags atvinnurekenda og fjölgun sjóðfélaga. Um 15 þúsund greiða iðgjöld að jafnaði allt árið en um 19 þúsund einhvern tímann yfir árið. Greiddir voru rúmir 10 milljarðar í lífeyri árið 2017 sem er aukning um 900 milljónir milli ára sem er eðlilegt. 8700 einstaklingar nutu eflirlaunalífeyris 2017 sem er hækkun um 700 einstaklinga. Færri deyja en fara á lífeyri svo væntanlega mun fjöldinn hækka áfram á milli ára. Á síðasta ári fjölgaði öryrkjum um 200 og eru um 2,3% af þeim sem eru á lífeyri hjá Birtu. Örorkulíkur Birtu eru undir landsmeðaltali og aukningin á milli ára ekki óeðlileg. Makalífeyrisþegum fjölga ekki og sömu sögu er að segja um barnalífeyrisþega.

Fjárfestingatekjur hækkuðu töluvert á milli ára eða úr 3 í 23 milljarða. Hægt er að nálgast upplýsingar í ársreikningi um ávöxtun einstakra eignaflokka og uppbyggingu hennar. Þá eru birtar ítarlegar upplýsingar um 20 stærstu eignir sjóðsins. Á seinasta ári voru tekjur Birtu af Marel 2,6 milljarðar en á sama tíma lækkaði gengi Ícelandair hér um bil um það sama. Markmiðið með ársreikningi er að gefa sjóðfélögum glögga mynd af eignum sjóðsins.

Kostnaðargrunnur er ávalt mikið til umræðu en hann jókst um 56 milljónir á milli ára. Án þess að lög geri kröfu um, birtir sjóðurinn ítarlega sundurliðun á kostnaði í ársskýrslunni. Laun hækka um 2,18% á milli ára. Kostnaður er fölginn í því að markaðssetja nýjan lífeyrissjóð, útbúa heimasíðu og kynna hann. Þá er upplýsingatæknin einnig stór kostnaðarliður en krafa er gerð um að afgreiða megi mál rafrænt og sjóðurinn mætir þeirri kröfu sjóðfélaga. Póstdreifing, kaffikostnaður og fleira er innifalið í öðrum kostnaði. Ánægjulegt er að segja frá því að kostnaður er tiltölulega lágur við sameiningu eða 86 milljónir. Það er 0,02% eigna og 0,34% iðgjalda sameiningaáranna. Sameiningu er lokið og ekki verður færður frekari kostnaður á þann kostnaðarlið. Nýir liðir í ársreikningi er kostnaður sem sjóðurinn verður óbeint fyrir vegna fjárfestinga erlendis í sérhæfðum fjárfestingasjóðum, verðbréfasjóðum eða útvistum eignastýringu á annan hátt. Mikið af þessum sjóðum skila þó árangri í samræmi við kostnað. Vilji stjórnar er að ná kostnaði enn frekar niður án þess að gera ósanngjarnar kröfur. Það tekur tíma fyrir stærð Birtu að endurspeglast í lægri þjónustugjöldum. Eignir eru 348 milljarðar í árslok 2017. Eignir í innlendum hlutafélögum eru birtar á kostnaðarverði til glöggvunar á

7/5/18
E.A.H.

fjárfestingunni. Sala á fasteign að Stórhöfða 31 veldur lækkun á rekstrarfjármunum milli ára. Kostnaðarhlutfall af heildareignum er 0,22% og áframhaldandi jákvæðri ávöxtun og frekari hagræðingu ætti að vera hægt að lækka kostnaðarhlutfall enn frekar, sjóðfélögum til hagsbóta. Fjárfestingateymi hefur tekið á móti rúmum 4 milljörðum umfram iðgjöld að frádregnum lífeyri. Að endingu bendir hann á fjárfestingaleiðir séreignar og sundurliðun á þeim í ársreikningi. Ný leið frá því á seinasta ári er tilgreind séreignarleið sem ekki er heimilt að blanda við hefðbundna séreign. Því er hún sjálfstæð deild í samstæðu sjóðsins. Á heimasíðu sjóðsins eru frekari upplýsingar um sundurliðun eigna aðgengilegar.

Fundarstjóri kynnir Bjarna Guðmundsson, tryggingarstærðfræðing og bauð honum að fara yfir tryggingafræðilega athugun Birtu.

3. Tryggingafræðileg athugun

Við tryggingafræðilega athugun er verið að bera saman þær eignir sem sjóðurinn á, við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa aflað sér og þau útgjöld sem af þeim leiða, og kanna hvort eignir dugi fyrir lífeyrisloforðum. Skuldbindingar eru háðar óvissuþáttum tengdum lífi og heilsu fólks. Notuð eru tölfræðileg líkön. Helstu forsendur eru ákveðnar í reglugerð útgefinni af Fjármálaráðuneytinu frá árinu 1998. Mikilvægustu forsendur sem stuðst er við í reiknilíkaninu eru lífslíkur og vaxtaforsendan. Flestir lífeyrissjóðir verða að bregðast við niðurstöðu reikningsdæmisins ef hún fer út fyrir lögleg mörk. Forsendur útreikninga breyttust ekki frá fyrra ári. Íslenskar lífslíkur byggja á reynslu árána 2010-2014. Örorkulíkur eru 80% af meðaltalsreynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002. Ávöxtunarforsendan er 3,5% umfram hækkun verðlags. Heildarniðurstaðan er framsett í töflu. Í efri hluta töflunnar eru eignir en í neðri hluta mat á skuldbindingum. Ef horft er á neðri hluta til vinstri, áunnar skuldbindingar, eru tekin vænt útgjöld vegna réttinda sem sjóðfélagar höfðu aflað sér í árslok 2017. Við fáum vænt greiðslustreymi lífeyrisgreiðslna næstu árin. Þegar það liggur fyrir koma vextir til sögunnar. Hvað þyrftum við að eiga mikið til þess að greiða lífeyrisgreiðslur ef fengist 3,5% ávöxtun? Þar er niðurstaðan 334 milljarðar. Eignir eru metnar með örlítið öðrum hætti en ársreikningi. Í tryggingafræðilega matinu er mikilvægt að eignir og skuldbindingar séu metnar eftir sömu forsendum. Því eru eignir núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun. Sá liður gefur jákvæða niðurstöðu upp á 1400 milljónir. Að auki er varúðarliður sem snýr að niðurfærslu hlutabréfa en í reglugerð um tryggingafræðilega athugun er kveðið á um að notast eigi við það sem lægra reynist, gengi í árslok eða meðalgengi síðastliðinna þriggja mánaða. Til viðbótar eru fjárfestingagjöld og rekstrarkostnaður. Eitthvað kostar að reka sjóðinn áfram og í athuguninni er lagt mat á þann kostnað sem fólgin er í áframhaldandi rekstri sjóðsins. Niðurstaðan er sú að það vantar um 20 milljarða eða 6% svo eignir teljist jafn háar og vænt útgjöld. Varðandi framtíð eru reiknuð þau iðgjöld núverandi sjóðfélaga sem eiga eftir að berast sjóðnum og hins vegar þau réttindi sem fást fyrir sömu iðgjöld. Það dæmi er jákvætt um 1,4% en heildin er þá neikvæð um 3,4% og þetta er sú stærð sem lög um lífeyrissjóði horfir til við mat á því hvort breyta þurfi réttindum sjóðfélaga. Heildarstaða batnar úr því að vera neikvæð um 4,1% í 3,4% og áfallna staðan úr því að vera neikvæð um 7,6% í að vera neikvæð um 6%. Þessi breyting skýrist af því að ávöxtun var hærri en 3,5% vaxtaforsendan en hún var 5,2%. Að auki eru einhverjir þættir sem koma hagstæðar út en forsendur útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu gera ráð fyrir. Stærsti breytingaliðurinn er hækkun vegna vaxta og verðbóta auk þess sem örorkuáhætta hefur komið heldur betur út en forsendur gera ráð fyrir. Árið 2017 var á heildina litið jákvætt ár fyrir Birtu lífeyrissjóð og tryggingafræðileg staða batnar milli ára.

Fundarstjóri opnar fyrir almennar umræður um dagskrárliði 1 – 3.

Óskar Guðmundsson hafði tvær fyrirspurnir varðandi tryggingafræðilega stöðu. Annars vegar bað hann Bjarna að útskýra sveiflu á örorkuhlutfallinu milli ára úr rúmum 10% niður í 3,5% og svo aftur upp í 10%, á árunum 2014-2016. Þá spyr hann hver tryggingafræðileg staða sé miðað við raunverulega verðbólgu 2017 sem var 1,9%, þar sem tryggingafræðileg staða sé reiknuð miðað við 2,5% verðbólgu markmið.

Bjarni útskýrir að eini staðurinn þar sem verðbólgu markmið komi inn í tryggingafræðilega athugun sé þegar verið er að endurmeta óverðtryggð skuldabréf. Tryggingafræðileg athugun horfi aðeins fram á við og fortíðarforsendur skipta ekki máli. Svo var það spurningin um breytingar á greiðslum til örorkulífeyris. Þá hefur hann ekki látið þær hafa áhrif á hlutfall sem notað er af meðal örorkulíkunum. Væntanlega áður en langt um líður muni liggja fyrir ný athugun á örorkulíkum hjá íslenskum lífeyrissjóðum og í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvort forsendum útreikninga verði breytt. Sú aðferð sem notuð er til að meta örorkuskuldbindingar er einföld. Gert er ráð fyrir því að ekki sé hægt að endurhæfast ef maður verður einu sinni öryrki auk þess sem gert er ráð fyrir því að dánarlíkur öryrkja séu eins og hjá heilbrigðum einstaklingum. Það sé hins vegar ekki að öllu leyti rétt nálgun þar sem margir endurhæfist og meiri dánarlíkur eru hjá öryrkjum en öðrum. Matíð myndi mögulega líta aðeins öðruvísi út ef reiknað yrði eftir ítarlegri forsendum en ofangreindum.

Ekki voru fleiri fyrirspurnir. Gengið var til atkvæðagreiðslu um ársreikninginn. Fundarstjóri benti á að 69 atkvæði væru í salnum og að auki um 30 gestir. Bað hann atkvæðisbæra fundargesti að gefa merki ef þeir samþykktu ársreikning Birtu eins og hann var fram lagður. Var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Líður 4 snýr að fjárfestingarstefnu sjóðsins og bauð fundarstjóri Soffíu Gunnarsdóttur, forstöðumann eignastýringarsviðs að gera grein fyrir henni.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð af stjórn með aðkomu fjárfestingaráðs á grundvelli laga um lífeyrissjóði og reglugerðar um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða með síðari breytingum. Val og vægi eignaflokka takmarkast að mestu leyti af lögbundnum fjárfestingarheimildum, reglum sem sjóðurinn setur sér, langtíma skuldbindingum hans og aðstæðum á markaði hverju sinni. Fjárfestingarstefna var samþykkt af stjórn Birtu í lok nóvember 2017. Markmið um eignasamsetningu er hin eignlega fjárfestingastefna en að auki er birt staðan eins og hún er við árslok 2017 ásamt vikmörkum í hverjum eignaflokki fyrir sig. Efri og neðri vikmörk segja til um hversu mikið eign í viðkomandi flokki má sveiflast upp á við og niður á við. Helstu breytingar á eignaflokkum samtryggingar milli ára voru birtar en talsverð aukning var í eignaflokki erlend verðbréf eða um 3% milli ára. Skiptist hún nokkuð jafnt á milli nýfjárfestinga og góðrar ávöxtunar. Jafnframt var talsverð aukning í fasteignaveðlánunum en þar á meðal eru veðlán til sjóðfélaga. 42% flokksins eru veðlán til sjóðfélaga en 58% veðlán til fyrirtækja. Vægi flokksins jókst um 2% milli ára. Hún útskýrir nánar flokkinn óhefðbundnar fjárfestingar en sá flokkur samanstendur af framtaksfjárfestingar; óskráðum og skráðum hluta- og skuldabréfum ásamt fasteigna- og veðskuldabréfasjóðum en 2/3 eignaflokksins er gengisbundinn. Allir eignaflokkar voru með jákvæða raunávöxtun 2017. Hrein raunávöxtun var 5,23% sem samsvarar 7,05% nafnávöxtum. Erlend verðbréf skiluðu hvað bestri ávöxtun eða 11,2% raunávöxtun. Tilgreind séreign er sú tegund séreignar sem byrjað var að bjóða upp á 1. júlí síðastliðinn. Aðeins er ein sparnaðarleidd í boði hjá Birtu að svo stöddu. Hún er smá í fjárhæðum enn sem komið er en var um 60 milljónir í árslok. Framan af var að mestu leyti um að ræða fjárfestingu í innlánunum en undir lok síðasta ár bættust ríkisskuldbréf og innlend og erlend hlutabréfum við. Raunávöxtun deildarinnar var neikvæð um 1,1% á seinasta ári, sem samsvarar um 0,2% nafnávöxtum.

Að endingu voru birtar fjárfestingarstefnur séreignarleiða sem eru þrjár. Þær eru ólíkar eftir því hvaða leið á í hlut en raunávöxtun þeirra var á bili 1,9-5,6% árið 2017.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Georg Páll Skúlason benti á innsláttarvillu í stefnunni enávöxtun fasteignaveðtryggðra skuldabréfa og fyrirtækjabréfa hafði víxlast og voru því báðar innan vikmarka. Soffía Gunnarsdóttir leiðrétti þessa innsláttarvillu í skjalinu.

Ekki voru fleiri á mælendaskrá um fjárfestingastefnu sjóðsins.

5. Starfskjarastefna sjóðsins

Starfskjarastefna Birtu er lögð fram óbreytt frá fyrra ári. Fundarstjóri óskaði eftir því að hún yrði borin upp án umræðu eins og hún var samþykkt á síðasta ársfundi. Engar athugasemdir voru gerðar við það fyrirkomulag og var hún borin upp til atkvæðagreiðslu. Var hún samþykkt án mótaskvæða og bent var á að hún væri aðgengileg ásamt fundargögnum á netinu.

6. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

Launanevnd er starfrækt hjá Birtu. Tillaga hennar er að laun stjórnar hækki um 95% af hækkun launavísitölu frá mars 2017 til mars 2018. Hækkun vísitölnnar var 7,1% á tímabilinu en 95% af hækkuninni er því 6,75%. Það þýðir að laun aðalmanns í stjórn verða 101.000 kr., laun formanns stjórnar 202.000 kr., varaformaður fær 151.500. Þá fá varamenn 22.500 kr. mánaðarlega greiðslu en full laun aðalmanns ef setinn er stjórnarfundur.

Í launanevnd eru Jóhann Rúnar Sigurðsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson af hálfu launamanna og Jón Sigurðsson og Bára Mjöll Ágústsdóttir af hálfu atvinnurekenda.

Var tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu mótaskvæði.

7. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1

Kjörfundur í fulltrúaráði launamanna var 25. apríl 2017 og fór þar fram kjör launamanna í stjórn en þeir eru eftirfarandi:

Aðalmenn:

Gylfi Ingvarsson, til 2019

Jakob Tryggvason, til 2020

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, til 2019

Hrönn Jónsdóttir, til 2020

Varamenn:

Bára Halldórsdóttir, til 2020

Einar Hafsteinsson, til 2019

Samtök atvinnulífsins hafa sent Birtu skipunarbréf, dagsett 30. apríl 2018, þar sem tilkynntir eru aðal- og varamenn í stjórn Birtu fyrir hönd atvinnurekenda en þeir eru eftirfarandi:

Aðalmenn:

Davíð Hafsteinsson, til 2019

Guðrún Jónsdóttir, til 2019

Ingibjörg Ólafsdóttir, til 2020

Pálmar Óli Magnússon, til 2020

Varamenn:

Bolli Árnason, til 2020

Guðbjörg Guðmundsdóttir, til 2019

Er þetta sú stjórn sem tekur við að fundi loknum og var hún boðin velkomin til starfa með lófataki.

8. Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er í dag Kristinn Kristinsson hjá PwC og er lagt til að hann verði endurkjörinn. Var sú tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða.

9. Kjör nefndar um laun stjórnarmanna

Kosið var í nefnd um laun stjórnarmanna á stofnfundi sjóðsins 2016 til þriggja ára og í henni eru þeir aðilar sem nefndir voru hér að framan. Er hún að hefja sitt þriðja starfsár og því ekki kosin ný nefnd fyrr en árið 2019.

10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tillögur voru sendar út með fundarboði 27. mars 2018 og aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins ásamt minnisblöðum um hálfan lífeyri og öðrum fundargögnum. Ólafur Sigurðsson kynnti tillögurnar. Lögum um tryggingastofnun var breytt og nú geta sjóðfélagar hafið töku hálfis lífeyris. Allir lífeyrissjóðir þurfa að breyta samþykktum sínum til samræmis hver við annan. Hægt er fram til 1. janúar 2020 að taka út hálfan lífeyri, þrátt fyrir að taka fulls lífeyris hafi þegar verið hafin. Það mun þurfa að gera í samráði við tryggingastærðfræðing svo forsendur vegna frestunar séu uppfylltar. Auk innleiðingar hálfis lífeyris eru gerðar lítilsháttar breytingar sem varla teljast efnislegar. Nafni tveggja félaga er breytt auk þess sem fellt er brott bráðabirgðaákvæði frá 2016 sem er gr. 5.9 í samþykktum Birtu. Það sem hefur verið óljóst í gegn um tíðina er hvernig staðið skuli að samþykktarbreytingum. Því er lagt til að bætt verði við skýringu og hnykk á því að áferðarmunur er á því ef sjóðfélagar vilja gera breytingar á samþykktum og ef tillögur koma frá stjórn. Það taki tíma fyrir sjóðfélaga að leggja til breytingar og tillögur þurfi því að berast stjórn með góðum fyrirvara en lagt er til að telji stjórn sig þurfa að gera samþykktabreytingar gildi skemmri tímamörk um kynningu þeirra en gilda um tillögur frá hinum almenna sjóðfélaga. Að endingu er gert ráð fyrir að þrátt fyrir samþykki breytinganna á ársfundi 2. maí. taki ákvæði um hálfan lífeyri ekki gildi fyrr en 1. september 2018 þó svo að fjármálaráðuneytið kunni að samþykkja samþykktirnar í heild sinni fyrr.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögurnar. Enginn kvað sér hljóðs.

Fundarstjóri lagði til að liðir 12.7, 12.8 og 27.1 er snúa að hálfum lífeyri verði bornar upp saman til atkvæðagreiðslu. Var því ekki mótmælt og voru tillögurnar samþykktar án mótaskvæða. Fundarstjóri lagði því næst til að breyting á grein 26.1 og 4.1 varðandi nafnabreytingu félaga yrðu bornar upp saman og var því ekki mótmælt. Þær breytingar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Að lokum bar fundarstjóri samþykktirnar í heild sinni til atkvæðisgreiðslu með áorðnum breytingum og voru þær samþykktar án mótaskvæða.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir liðnum önnur mál.

11. Önnur mál

Hilmar Harðarson frá FIT spyr hvort þeir sem séu með tvískiptan lífeyri, það er með lífeyri í aldursdeild og stigadeild með viðmiðunariðgjald fái send yfirlit með upplýsingum um lífeyri þar sem þeir geti ekki nýtt sér reiknivélar sjóðsins.


Þorbjörn Guðmundsson tekur næstur til máls. Hann er þakklátur fyrir það traust sem hann hafi fengið til þess að sinna lífeyrismálum fyrir sjóðinn. Hann kom inn í stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 2000 og hefur setið í stjórn Birtu frá sameiningu. Sagði hann að bankahrunið sé ein mesta áskorun sem hann hafi staðið frammi fyrir í sínu starfi en erfitt hafi reynst að að horfa uppá að eitthvað sem honum hafi verið treyst fyrir hafi brunnið upp án þess að nokkuð hefði verið hægt að aðhafast. Þrátt fyrir þráláta gagnrýni í garð lífeyrissjóða sé það einstakt hvað lífeyrissjóðunum hafi þrátt fyrir allt tekist vel að vinna sig út úr afleiðingum hrunsins. Hann minnst þess ekki að orðið hafi ágreiningar í stjórn þar sem til atkvæðisgreiðslu hafi komið og að launamenn hafi greitt atkvæði á einn veg en fulltrúar atvinnurekenda á hinn veginn og það skipti máli að samstaða sé ríkjandi innan stjórnar. Ánægjulegt sé að stíga til hliðar eftir vel heppnaða sameiningu og gott starfsár 2017. Hann segir mörg flókin og erfið verkefni framundan hjá stjórnnum lífeyrissjóða er snúi að stærð íslensku lífeyrissjóðanna. Margir telja þá of stóra fyrir íslenskt hagkerfi og snýr einnig að gjaldeyrisforða íslendinga, sem einhverjir telji ekki muni duga fyrir erlendum fjárfestingum lífeyrissjóða. Hann hefur engar efasemdir um að lífeyrissjóðakerfið sé gott. Þorbjörn þakkaði fyrir frábært samstarf liðinna ára. Hann hafi nú tekið ákvörðun um að stíga til hliðar og gefa ekki kost á sér í stjórn lengur.


Fundarstjóri biður Ólaf því næst að svara fyrirspurn Hilmars. Ólafur útskýrir hann að síðastliðin tvö ár hafi ekki verið birtar tölur um áætlaðan lífeyri miðað við áframhaldandi greiðslur fram að töku lífeyris. Segir hann að markmiðið sé að allir geti nýtt sér reiknivélina á heimasíðunni þó sú sé ekki raunin í dag. Fyrir því séu ástæður, meðal annars ríki enn óvissa um tilgreindu séreignina. Sagði hann að málið yrði tekið fyrir hjá sjóðnum og ítrekaði að markmiðið sé að allir sjóðfélagar geti nýtt sér reiknivélina. Ekki liggi fyrir að svo stöddu hvort upplýsingarnar verði sendar í yfirliti næsta hausts.

Fundarstjóri bendir á að miklar mannabreytingar séu að verða í stjórn Birtu og gefur Ólafi aftur orðið. Ólafur þakkaði þeim stjórnarmönnum sem eru að fyrir vel unnin störf. Þetta voru þau Unnur María Rafnsdóttir, Drífa Sigurðardóttir, Viðar Örn Traustason, Þorbjörn Guðmundsson og Jón Bjarni Gunnarsson. Voru þeim færðir blómvendir af því tilefni.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til þess að fundarritari og fundarstjóri fái að ganga frá fundargerð eftir fundinn og birta hana á heimasíðu sjóðsins og var því ekki mótmælt.

Þakkaði hann fyrir samveruna og sagði fundi slitið klukkan 18:35.


Finnbjörn A. Hermannsson, fundarstjóri


Íris Anna Skúladóttir, fundarritari